

## Stjórnarfundur 10 þriðjudaginn 5. desember 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, , Kristín Hálfánardóttir, Andri Hnikarr Jónsson, Steinn Einarsson, Árni Jón Eggertsson, Svandís Þorsteinsdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.  
*Afboð og mættu ekki;* Stefán Jóhannesson

### Dagskrá

- Íslandsmót
- Skipurit BLÍ
- Landsliðsverkefni næsta árs
- Heimasíða
- Fræðsla/afreksstarf
- Val á Íþróttafólki ársins
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Íslandsmót

- Mótahaldið hefur gengið allvel hingað til. Þó hafa tilfærslur á leikjum verið helst til margar. Það þarf að skerpa á verkferlum og vitund forsvarsmanna liðanna svo og að fylgja reglugerðum betur.

#### Skipurit BLÍ

- Kynnt voru fyrstu drög að skipuriti fyrir BLÍ það mun væntanlega taka breytingum í takt við reynslu stjórnar og starfsmanna.
- Nú eru tveir starfsmenn á skrifstofu BLÍ en þann 15. nóvember 2017 var Andri Hnikarr Jónsson ráðinn í fullt starf til loka ágúst 2018, allt þó í samvinnu við UMSK sem greiðir hluta af hans launum.

#### Landsliðsverkefni næsta árs

- U17 kvenna fer í Evrópukeppni til Tékklands í byrjun janúar. U19 kvenna fer einnig í Evrópukeppni til Úkraínu um miðjan janúar. Um páskana fer kvennaliðið til Ítalíu. A lið karla og kvenna munu svo leika nokkra leiki í ágúst.

#### Heimasíða

- Rætt var um þörfina á því að uppfæra heimasíðuna, þar ræður kostnaðurinn mestu um það hvenær verður farið í þá aðgerð. Síðan er mikið notuð sem er mikils virði, enda er hún mikilvæg fréttá- og upplýsingaveita.

#### Fræðsla/Afreksstarf

- Hnikarr og Daniele hafa verið að ræða saman um menntun þjálfara og námsefni henni tengdri.

#### Val á íþróttafólki ársins

- Blakfólk ársins voru valin Thelma Dögg Grétarsdóttir og Kristján Valdimarsson.

#### Önnur mál

- Nokkur umræða var um félagaskipti. Leikmenn frá USA þurfa ekki að hafa félagaskipti yfir í íslensk lið þar sem þeir eru einungis í skólaliðum þar ytra en ekki í félögum. Aðrir erlendir leikmenn svo og íslenskir leikmenn sem hafa leikið með erlendum liðum þurfa að hafa alþjóðleg félagaskipti, sem eru reyndar mismunandi eftir stöðu leikmanna hverju sinni.
- Rætt var um það hvort ætti að hækka aldur þeirra sem þurfa að greiða iðkendagjald upp í 18 ár. Því var hafnað og ákveðið að halda fyrri ákvörðun sem var að leikmenn 3. flokks og yngri greiða ekki iðkendagjald.

- Næst var rætt um höfuðhögg sem leikmaður í efstu deild varð fyrir í leik nýlega. Ákveðið var að senda áskorun til allra félaga þess efnis að gæta öryggis leikmanna eins vel og hægt er m.a. með því að bólstra dómarastóla.
- Fjármálin lagast hægt og hægt og þar með lækkar yfirdrátturinn smám saman.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

*Fundi slitið kl. 18.30*  
*Jason Ívarsson ritaði fundargerð*